

141 yður hjermeð þjónustusamlega veittur myndugleiki til að selja beiðandanum ofanefnda 8. nóv. jörð fyrir verð það, er hann býður, og að öðru leyti með skilmálum þeim, sem heimilaðir eru í framannefndum lögum 3. gr., og loks til þess fyrir ráðgjafans hönd að gefa út kaupbrjef fyrir jörðinni.

142 Brjef landshöfðingja til *amtmannsins yfir suður- og vesturamtinu um eptir-*  
29. nóv. gjöf á leigum af harðærislánum. — Í tilefni af bónarbrjefum, er hingað hafa komið frá hlutaðeigandi sýslunefndum, og að partil fengnum myndugleika frá ráðgjafanum veiti jeg hjermeð Rangárvallasýslu og Dalasýslu samkvæmt 4. gr. fjárlaganna eptirgjöf á leigum til ársloka 1885 af lánum þeim, er sýslur þessar hafa fengið úr landssjóði árin 1882 og 1883, móti því að frá þeim tíma greiðist af þeim 4% í leigur og að  $\frac{1}{8}$  hluti þeirra endurgreiðist síðan á ári hverju, en skuldir þær, sem þessi ákvörðun gildir um, eru:

- Skuld Rangárvallasýslu samkvæmt skuldabryfi 23. okt. 1882 (upphaflega 2000 kr.) nú 1000 kr.
- Skuld Dalasýslu eptir skuldabryfum 6. maí, 3. ágúst og 3. des. 1883 14000 kr.

Þetta læt jeg ekki hjá líða hjermeð þjónustusamlega að kunngjöra yður, herra amtmaður, til birtingar fyrir hlutaðeigandi sýslunefndum, að því viðbættu, að þjer síðan munuð fá vísbendingu um árangurinn af beiðni sýslunefndarinnar í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu um ápekka eptirgjöf, er þjer hafið mælt fram með í þóknanlegu brjefi dagsettu 13. p. m.

143 Brjef landshöfðingja til *beggja amtmanna um að fyrirmæli reglugjörðar 13.*  
9. des. febr. 1873 skuli brýnd fyrir gjaldheimtumönnum landssjóðsins. — Þareð það opt kemur fyrir, að gjaldheimtumenn landssjóðsins í ýmsum atriðum ekki hegða sjer eptir því, sem fyrir er mælt í reglugjörð 13. febr. 1873, sem hefur inni að halda nákvæmari ákvarðanir um opinber reikningsskil og heimtingu opinberra gjalda á Íslandi, skal jeg þjónustusamlega skora á yður, herra amtmaður, að áminna sýslumenn, bæjarfógeta og umbodsmenn þá, sem þjer eruð yfir skipaðir, um að gæta vandlega ákvarðananna í nefndri reglugjörð og að gefa þeim til kynna, að þeir verði látnir sæta ábyrgð fyrir afbrigði gegn þessum ákvörðunum.

Jafnvel þótt þetta gildi um allar ákvarðanir reglugjörðarinnar skal jeg samt sjerstaklega skora á yður að minna hlutaðeigandi embættismenn á þessar aðalákvarðanir:

- í 2. gr. um afgreiðslu reikninganna innan loka febrúarmánaðar ár hvert fyrir hið næst umliðna ár;
- í 3. og 4. gr. um innheimtu gjaldanna, þá er þau koma í gjalddaga, og greiðslu þeirra í landssjóð, jafnótt og þau eru innheimt;
- í 5. gr. um sundurliðun þess, sem innborgað er í landssjóð, þannig, að skýrt sje tekið fram í brjefum til landshöfðingjans eða landfógetans, þá er ávísanir eru sendar, eða peningar greiddir, fyrir hvaða ár og upp í hverja tekjugrein hver upphæð eigi að koma;
- í 6. gr. um greiðslu þess, sem eptir kann að standa af gjöldunum um leið og reikningurinn er sendur;
- í 11. og 12. gr. um endurrit af hinum fyrirskipuðu gjaldabókum.

Með tilliti til þess að eigi sjaldan eru talsverðar eptirstöðvar af einni aðaltekju- 143 grein landsjóðsins, aðflutningsgjaldi af áfengum drykkjum og tóbaki, og að þetta að 9. des. nokkru leyti orsakast af því, að sumir gjaldheimtumenn ekki sýnast innheimta tollinn fyrri en löngu eptir að hann er fallinn í gjalddaga, og þá á þann hátt, að þeir taka móti ávísunum uppá verzlunarhús í Kaupmannahöfn, skal jeg þjónustusamlega skora á yður, að brýna fyrir hlutadeigandi gjaldheimtumönnum, að slík aðferð með engu móti má eiga sjer stað, og að ávallt ber að heimta tollinn undir eins og hann fellur í gjalddaga, annaðhvort í peningum eða ávísun uppá áreiðanlegt verzlunarhús í Kaupmannahöfn, og er með þessum síðari gjaldmáta kaupmönnum veitt mikil ívilnun, þarsem skýlaus rjettur er til að heimta tollinn greiddan þegar í stað í peningum samkvæmt tilskipun 26. febr. 1872 7. gr., og lögreglustjórinn getur kyrsett hinar tollskyldu vörur, ef aðflutningsgjaldið ekki er þegar borgað, og selt af þeim það sem með þarf til lúkningar gjaldi þessu, einsog eigandi að vörunum eða umboðsmaður hans ekki heldur hefur rjett til að ráða yfir þeim, fyrri en búið er að greiða ofanefnt gjald.

Brjef landshöfðingja til beggja amtanna um að gætt skuli varúðar í að 144 selja eigi sjúkt fje til útflutnings. — Í brjefi frá sendiherra Danakonungs í London 9. des. til utanríkisráðgjafans danska' er það tekið fram, að á Englandi sje mjög nákvæmt eptirlit haft með því, hvort kláði sje í sauðfje því, sem er flutt þangað frá Íslandi til sölu, og ef minnsti vottur um kláða finnist, þó eigi sje nema í einni kind í heilum fjárfarmi, þá sje hann allur skorinn þegar í stað, en ef þetta kæmi opt fyrir, gæti það staðið mjög fyrir þrifum verzlun þeirri, er á er komin á lifandi sauðpeningi milli Íslands og Englands.

Jeg skal þessvegna, samkvæmt boði ráðgjafans, þjónustusamlega skora á yður, herra amtmaður, að leggja fyrir lögreglustjórana í umdæmi yðar, að áminna bændur, sem selja sauðfje til útflutnings, að gæta allrar varúðar í að selja eigi til þessa nema fullkomlega heilbriggt fje.

1) Sá kafi brjefs þessa, er hjer á við, er svo hljóðandi:

Í sambandi við þetta leyfi jeg mjer að skýra frá, að mjer hefur borizt brjef frá varakonsúlum í Newcastle dags. 23. þ. m., um uppástungur þær, sem nú eru gjörðar til þess að efla innflutning á fje frá Íslandi til Newcastle. Varakonsúllinn leiðir athygli að því, að þeir, er yfirumsjón hafa með heilbrigðisástandi dýra í Newcastle, hafa hið nákvæmasta eptirlit með kláða á sauðfje, en sá sjúkdómur gengur jafnaðarlega á Íslandi, eins og kunnugt er. Undir eins og nokkur kind, þó ekki sje nema ein, virðist gefa grun um hinn minsta kláðavott, segir hann, að allur fjárfarmurinn verði tafarlaust skorinn niður, og ef slíkt kæmi opt fyrir, gæti það efalaust orðið til mikils tjóns fyrir eflingu þessarar verzlunar, sem annars gæti orðið allmikil. Varakonsúll Faber leggur það þessvegna til, að yfirvöldin sbugi, hvort það eigi muni ráðlegt að fyrirskipa á Íslandi strangar ákvarðanir eins og þær, er gilda í Danmörku sjálfri, til þess að koma í veginn fyrir, að veikar skepnur verði fluttar þaðan til Bretlands, og kveðst varakonsúllinn, þegar hann frjetti að gufuskipið Minsk ætti að sækja 2000 fjár til Akureyrar, hafa ritað bæjarfógetanum þar og af sjálfsdáðum leitt athygli hans að því, hvað við lægi, ef sjúkar eða grunaðar kindur myndust í fjárfarminum, að hann þá yrði allur skorinn niður.